

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/28/EB

2005/EES/49/23

frá 7. apríl 2003

um fjórðu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 94/55/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 94/55/EB frá 21. nóvember 1994 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/7/EB ⁽²⁾, einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Viðaukar A og B við tilskipun 94/55/EB vísa til viðauka A og B við Evrópusamning um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR), oftast nefndur „ADR-samningurinn“, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. júlí 2001.
- 2) ADR-samningurinn er uppfærður á tveggja ára fresti. Því öðlast breytt útgáfa hans gildi frá og með 1. janúar 2003 með aðlögunartímabili fram til 30. júní 2003.
- 3) Í viðauka C eru tilvísanir í spássíunúmer sem verður að gera að liðum.
- 4) Því er nauðsynlegt að breyta viðaukunum við tilskipun 94/55/EB.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutning á hættulegum farmi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á viðaukunum við tilskipun 94/55/EB:

1. Í stað viðauka A komi eftirfarandi:

„VIÐAUKI A

Ákvæði viðauka A við Evrópusamninginn um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR) í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2003, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“.

Breyttur texti útgáfunnar frá 2003 á viðauka A við ADR-samninginn verður birtur jafnskjótt og textinn er fánlegur á öllum opinberum tungumálum bandalagsins.“

2. Í stað viðauka B komi eftirfarandi:

„VIÐAUKI B

Ákvæði viðauka B við Evrópusamninginn um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR) í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2003, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“.

Breyttur texti útgáfunnar frá 2003 á viðauka B við ADR-samninginn verður birtur jafnskjótt og textinn er fánlegur á öllum opinberum tungumálum bandalagsins.“

3. Viðauka C er breytt í samræmi við viðauka C við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. júlí 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. apríl 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 90, 8.4.2003, bls. 45. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2003 frá 26. september 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 18.12.2003, bls. 23.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 30, 1.2.2001, bls. 43.

*VIÐAUKI**„VIÐAUKI C“*

1. Í öðrum lið komi „er kafli 1.9 í viðauka A“ í stað „er spássíunr. 10 599 í viðauka B“.
 2. Í 4. lið komi „samanstanda af skilgreiningum á „hólkum“, „rörum“, „þrýstitromlum“, „lághitahylkjum“ og „hólkasamstæðum“ sem settar eru fram í þætti 1.2.1 í viðauka A“ í stað „er spássíunr. 2 211 í viðauka A“.
 3. Í 5. lið komi „eru í kafla 1.5 í viðauka A“ í stað „eru spássíunr. 2 010 og 10 602 í viðaukum A og B“.
-